

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Kolkuós.

1. gr.

Stofnendur.

Valgeir Þorvaldsson, kt. 020760-5919 og Skúli Skúlason, kt. 111158-3559, stofna hér með sjálfseignarstofnunina Kolkuós.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Stofnfé er 570.000 kr. sem lagt er fram af stofnendum. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er Kolkuós í Skagafirði.

4. gr.

Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur stofnunarinnar er að endurbyggja og eiga byggingar og land í Kolkuósi, halda til haga og gera aðgengilegar sögulegar minjar er tilheyra staðnum og setja af stað aftur skipulega ræktun hrossa af Kolkuósstofni.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórnina skipa þau Vigdís Finnbogadóttir, Aragötu 2, Reykjavík, Skúli Skúlason, Prestssæti 12, Hólum í Hjaltadal og Valgeir Þorvaldsson, Vatni, Skagafirði. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórninni en segi þeir sig úr stjórn eða varastjórn skulu þeir tilnefna nýjan mann í sinn stað. Hverfi menn úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann. Varamaður í stjórn er Anna Kristín Ólafsdóttir, Hamrahlíð 39, Reykjavík og tekur hún sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

7. gr.

Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald og gerir rekstraráætlanir.

8. gr.

Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.

Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila.

10. gr.

Fjáröflun.

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

11. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má ráðstafa tekjum og eignum stofnunarinnar, öðrum en óskerðanlegum höfuðstól, til uppbyggingar aðstöðu í Kolkuósi eða til menningarstarfsemi tengdrar staðnum enda samrýmist það megintilgangi stofnunarinnar, sbr. 5. gr.

Fasteignir stofnunarinnar má eigi selja eða veðsetja, nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

12. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef tveir af þremur stjórnarmönnum ákveða það.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef allir stjórnarmenn ákveða það. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitunum. Verði stofnunin lögð niður verða eignir hennar látnar ganga til Minningarsjóðs íslensku Vesturfaranna.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

16. gr.

Breyting á formi.

Meirihluti stjórnar stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að sjálfseignarstofnuninni sé heimilt að stunda rekstur samkvæmt lögum nr. 33/1999 og gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga.

17. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.